



Félag háskólakennara

7. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2023/2024 haldinn miðvikudaginn 6. desember 2023 kl. 11:45, Aðalbygging stofa-148

Fundinn sátu: Baldvin Zarióh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Haukur Logi Karlsson, Íris Davíðsdóttir, Jóna Margrét Ólafsdóttir og Ármann Höskuldsson. Arngrímur Vídalín boðaði forföll. Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 8. nóvember 2023.
2. Samráðsnefndarfundir 14. og 28. nóvember 2023.
3. Fundur með rektor.
4. 7. greinin, staða mála.
5. Starfsumhverfiskönnun.
6. Stytting vinnuvikunnar.
7. Húsnæðismál félagsins, tp. 22. nóv. vegna 3. hæðar B27.
8. Kannanir akademískra og stjórnsýslu.
9. Kjararáðstefna BHM 22. nóvember.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 8. nóvember 2023

Fundargerð var samþykkt.

2. Samráðsnefndarfundir í nóvember 2023

Baldvin sagði frá fundum samráðsnefndar um kjaramál í nóvember 2023.

Til umræðu þann 14. nóvember sl. var m.a. heilarútgáfa stofnanasamnings félagsins og HÍ, sem hafði verið varpað á milli aðila milli funda. Þá kynntu fulltrúar HÍ starfsumhverfiskönnun sem lögð var fyrir starfsmenn HÍ og könnun um reynslu starfsmanna stjórnsýslu af styttingu vinnuvikunnar.

Á fundi nefndarinnar þann 28. nóvember var m.a. rætt um reglur vinnumatssjóðs, rannsóknareikninga, mati á menntun og gildistöku í SKREFi, kortlagningu á launum doktorsnema sem HÍ er að vinna að, greiðslu fyrir háskóladaginn sem er í skoðun hjá HÍ og stöðu á skilgreiningu á nýdöktorum.

3. Fundur með rektor

Fundur Fh og FPR með rektor verður haldinn þann 18. desember nk. kl. 14:00.

4. 7. greinin, staða mála

Baldvin sagði frá því að staða málsins væri flókin en boðað hafi verið til fundar með félaginu þann 8. desember nk., þar sem vonir væru bundar við að ná samkomulagi.

5. Starfsumhverfiskönnun

Í fundargögnum var starfsumhverfiskönnun sem HÍ stóð að og félagið fékk kynningu á. Niðurstöður gefa vísbendingu um óánægja starfsfólks með launakjör hafi farið vaxandi síðustu ár. Þær gefa einnig vísbendingar um að álag og streita hefur aukist.

6. Könnun um styttingu vinnuvikunnar.

Í fundargögnum var könnun um styttingu vinnuvikunnar sem HÍ stóð að og félagið fékk kynningu á. Almennt virðist vera að starfsfólk stjórnsýslu er ánægt hvernig til hefur tekist með styttingu vinnuvikunnar. Í könnuninni eru einnig tölur um veikindafjarvistir og starfsmannaveltu. Starfsmannaveltan var á árinu 2023 (nóv.) alls 9,97%, sem telst almennt vera nokkuð hátt hlutfall. Málið rætt og stjórn sammála um að fróðlegt væri aðs já svörin eftir kynnum, stöðu (akademískir/stjórnsýsla) og eftir fræðasviðum.

7. Húsnæðismál vegna 3ju hæðar B27

Í fundargögnum er tölvupóstur frá starfshópi BHM sem var fenginn til þess að skoða möguleika á flutningi á 3ju hæð B27 og óskað eftir því hvort viðkomandi stéttarfélög vilji áfram skoða möguleika á flutningi á hæðina. Málið rætt og ákveðið að félagið skili jákvæðu svari.

8. Launakannanir akademískra og stjórnsýslu.

Jens sagði frá stöðunni og upplýsti að enn væri verið að vinna úr könnun akademískra og sú vinnu ætti að vera lokið fljótlega í janúar nk. Baldvin sagði frá því að enn er verið að vinna úr niðurstöðu kjarakönnunar stjórnsýslu.

9. Kjararáðstefna BHM í nóvember

Baldvin sagði frá fundinum.

Önnur mál.

Baldvin sagði frá því að HÍ væri að skoða upphæð nýdoktorasjóðs, þá er enn ójóst hvað verður um stöðu rannsóknamissis á stofnunum. Hópur adjunkta II á Hugvísindasviði hefur verið í sambandi við félagið vegna stöðu þeirra á sviðinu. Félagið sendi inn umsögn um deilillíkanið.

Íris lagði til að félagið sendi jólapistil og kveðju á félagsfólk fyrir jólin. Þá vill hún stefna á að félagið taki Facebook-síðu á nýju ári.

Ármann sagði frá norrænum fundi sem hann sótti á vegum félagsins vegna akademískts frelsins. Fundurinn var árangursríkur og umræður góðar. Ármann benti á að orðalagið „akademískt frelsi“ er hvernig að finna nema í síðareglum HÍ. Það þyrfti að bæta úr því t.d. í reglum um opinbera háskóla.

Fleira ekki gert og fundi lauk um kl. 13:15.

Næsti fundur ákveðinn 3. janúar 2023.